

varnarlaun til skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar
lögfræðings, kr. 25.000.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 28. september 1977.

Nr. 169/1977. **Ákærvaldið**
gegn
Tryggva Rúnari Leifssyni.

Kærumál. Réttarneitun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson og Björn Sveinbjörnsson.

Með kæru 14. september 1977, er barst Hæstarétti hinn 16. s. m., hefur Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður, verjandi varnaraðilja í sakadómsmálinu: Ákærvaldið gegn Tryggva Rúnari Leifssyni o. fl., skotið til Hæstaréttar ákvörðun sakadóms Reykjavíkur varðandi kröfu um tilteknar bókanir í máli þessu. Sakadómur er skipaður þremur dómurum í málinu, sakadómurinum Gunnlaugi Briem, dómsformanni, Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni. Er kæruelfni og kröfur varnaraðilja greint svo í kærubréfinu:

„Undirritaður, sem skipaður hefur verið verjandi ákærðs, Tryggva Rúnars Leifssonar, í ofangreindu máli, var boðaður til þinghalds í málinu kl. 14 í dag. Lagði ég þar fram m. a. bréf til dómsins, þar sem ég gerði kröfu til þess, að Gunnlaugur Briem sakadómari viki sæti í málinu. Sakadómariinn hélt því þá fram, að ég hefði reynt að fá aðra verjendur í málinu til þess að gera sömu kröfu, en neitaði að tilgreina nánar, hverjir þessir verjendur væru. Þessari staðhæfingu sakadómarrans mótmælti ég að sjálfsögðu, enda með öllu tilhæfulaus, og geta aðrir verjendur málsins staðfest, að slíkt hefur aldrei

átt sér stað. Þegar ég svo gerði kröfu til þess, að þessi ummæli sakadómarans yrðu færð til bókar svo og mótmæli mín við þeim, þá var því af hálfu sakadómarans algjörlega hafnað að án nokkurra skýringa.

Ég tel, að hér sé um réttarneitun að ræða, enda hafi ég sem skipaður verjandi í málinu átt skýlausan rétt á því að fá slík ummæli dómsformanns færð til bókar svo og mótmæli mín við þeim. Jafnframt álit ég, að dómurinn hefði átt að kveða upp formlegan úrskurð um þessa kröfu mína.

Það er krafa mín fyrir Hæstarétti aðallega, að felld verði úr gildi synjun dómsformannsins að færa til bókar fyrrgreind ummæli og mótmæli og lagt verði fyrir hann að taka við og færa til bókar hin tilgreindu ummæli svo og mótmæli mín við þeim, en til vara, að lagt verði fyrir dóminn að kveða upp formlegan úrskurð um kröfu mína um bókun á ummælunum svo og mótmælum mínum.“

Athugasemdir hafa eigi borist frá dómurum máls þessa í héraði.

Krafa verjanda um bókun á þeim atriðum, sem lýst er í kæru, tengist meðferð framangreinds sakadómsmáls með þeim hætti, að ákvörðun sakadómarara þykir kæránleg til Hæstaréttar samkv. 10. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974.

Ekki verður séð, að orðaskipti þau, er greinir í kæru, milli verjanda og sakadómarara hafi verið með þeim hætti, að skylt væri að færa þau til þingbókar. Kröfum varnaraðilja er því hrundið.

Kæra þessi er að ófyrirsynju.

D ó m s o r ð :

Framangreindar kröfur varnaraðilja eru eigi teknar til greina.
